



Landssamband æskulýðsfélaga

14. fundur framkvæmdastjórnar 2008 – 2009

Haldin á skrifstofu LÆF, Hinu Húsinu

27. febrúar 2009

Mættir: Jón Þorsteinn Sigurðsson (JPS) og Sindir Snær Einarsson (SSE). Auk þess sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri fundinn. Forföll boðuðu Pálína Björk Matthíasdóttir (PBM) sem var stödd á ráðstefnu í St. Pétursborg fyrir hönd LÆF og Raket Brynjólfssdóttir (RB).

Fundur settur: 11:44

Dagskrá fundar:

1. Tillaga að fundarsköpum

JPS lagði fram tillögur að hér eftir myndi framkvæmdastjóri rita fundargerðir stjórnar. Tillagan samþykkt.

2. Fundargerð s.l. fundar lesin upp og samþykkt

HTF fór yfir fundargerð síðusta fundar. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

3. Fundarsköp stjórnar LÆF

JPS lagði fram tillögu þess efni að gerð yrðu fundarsköp fyrir framkvæmdastjórn LÆF. Var vel tekið í þá hugmynd. Ákveðið var að JPS myndi gera uppkast að fundarsköpum og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

4. Frá framkvæmdastjóra LÆF

HTF fór yfir það helsta sem gert hefur verið á skrifstofuni frá síðasta fundi stjórnar. Greindi hún frá því að LÆF hefur fengið greitt af fjárlögum samtals 5 milljónir og fór stuttlega yfir stöðuna í bókhaldi ársins 2008. HTF sagði frá síðasta fundi um Þing unga fólksins og að áhugi hjá stjórnsmáláhreyfingum væri ekki til staðar að sinni. Auk þess kom fram að HTF mun rita grein í næsta blað SÍNE og að búið væri að segja LÆF úr WAY. HTF greindi að lokum frá því að tillaga LÆF um samstarf við Kópavogsdeild um að halda námskeið í sálrænum stuðningi fyrir leiðbeinendur í æskulýðsstarfi hafi verið samþykkt af hálfu Kópavogsdeildar og námskeiðið verði haldið 11. mars n.k.

5. Bréf frá menntamálaráðherra

Borist hafði tölvupóstur frá menntamálaráðherra sem stjórnarmenn höfðu þegar fengið sendan. Í póstinum er óskað eftir viðbrögðum æskulýðs- íþrótta og menningarfélaga vegna uppbyggingu Íslands. Rætt hvað ætti að koma fram í svarbréfinu og það lagt í hendur HTF að skrifa það og koma því til skila.

6. YFJ

HTF sagði frá því að LÆF hefði tilnefnd tvo í vinnuhópa YFJ fyrir veturna 2009-2010. Var Sema Erla Serder fulltrúi UJ í fulltrúaráði tilnefnd í hóp um mannréttindi og Unnur

Hjálmarsdóttir varafulltrúi Urkí í fulltrúaráði tilnefnd í hóp um þátttöku og stefnumótun í æskulýðsmálum. Ekki hefur borist svar frá YFJ um hvort þær hafi verið valdar í hópana.

7. Alþjóðamál

HTF sagði frá því að næsti NBKM verði haldin í Vilnius dagana 2.-3. apríl n.k. Lagt til að HTF og PBM sæktu fundinn fyrir hönd LÆF. JÞS vildi leggja til við skipuleggjendur fundarins að æskan og ástandið yrði rætt á fundinum. Var það samþykkt og HTF falið að koma því á framfæri. HTF sagði frá því að sökum mjög lág styrkjar til fundarins að þessu sinni þyrfit LÆF líklega að standa kostnað af einnar nætu gistingu fyrir sína fulltrúa að upphæð tæplega 15.000kr. Var það samþykkt.

HTF sagði frá ráðstefnu sem hún og Sabine Leskopf sækja í Praga dagana 12. og 13. mars n.k. Fjallar ráðstefnana um hreyfanleika sjálfbodaliða í Evrópu og voru HTF og SL valdar af menntamálaráðuneyti til að fara.

JÞS og HTF sögðu frá fundi sem þau ásamt PBM áttu með Rússum búsettum á norðurlöndunum. Fundurinn var haldin hér á landi og var styrktur af Nordbuk. Auk Rússana sátu fulltrúa frá LNU og Allianssi. Tilgangur fundarins var að skipuleggja ráðstefnu fyrir fólk af erlendum uppruna búsetta á norðulöndum og var undirbúningur og skipulag að metu í höndum Rússana. Það var mat HTF og JÞS að fundurinn hefði ekki verið árangursríkur og lagt til að ekki yrði farið í samstarf með þessum hópi.

JÞS sagði frá tillögu sem honum barst um samstarf við DreamFoundations sem er félag sem stendur fyrir stúdentaskiptum. Ákveðið var að HTF myndi grennslast fyrir um félagið og nánari upplýsingar um samstarfið og ákvörðun tekin í framhaldi af því.

HTF sagði frá því að PBM væri stödd á ráðstefnu í St. Pétursborg haldin af Norrænu ráðherranefndinni. LÆF var sérstaklega boðið að koma og hafa smá erindi og taka þátt í pallborði.

8. Sambandsþing LÆF

Ræddar voru mögulegar dagsetningar á næsta sambandsþingi. Ákveðið var að halda það miðvikudaginn 20. maí n.k.

JÞS gerði tillögu um að setti yrði á fót kjörnefnd sem myndi óska eftir framboðum til framkvæmdastjórnar LÆF. Var ákveðið að kann það mál.

9. Bréf og önnu skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

Enginn önnur skjöl hafa borist sem þarfnast afgreiðslu

10. Önnur mál

- a) JÞS lagði til að þrátt fyrir að fundurinn væri ólöglegur vegna fárra funar manna þá yrðu unnið áfram að þeim málum sem rædd voru og fundargerði lög fram til samþykktar á næsta fundi. Þessi tilhögun var samþykkt.
- b) JÞS spurði um stöðu á laganefnd í félaginu. HTF sagði að ekkert hefði gerst í því máli og enginn hefði boðið sig fram. JÞS bað um að HTF kannaði málið frekar.